

AUGLÝSING um breytingu á deiliskipulagi í Garðabæ.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsbreytingar á grundvelli 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum:

Deiliskipulag Arnarneslands – Akrar.

Breytingin varðar eftirfarandi lóðir, Línakur 4-10, Ljósakur 7-17 og 12-18 og felst í að heimilt verður að fullnýta útbyggingarreit.

Breytingin var samþykkt í bæjarráði Garðabæjar þann 17. júlí 2007.

Deiliskipulag Arnarneslands – Akrar.

Breytingin varðar lóð nr. 1 við Góðakur og felst í að bílastæði á lóðinni eru færð að lóðamörkum í norðvesturhorni lóðarinnar.

Breytingin var samþykkt í bæjarstjórn Garðabæjar þann 4. október 2007.

Deiliskipulag fyrir Hæðir (Bæjargil, II. áfangi).

Breytingin varðar lóð nr. 2 við Háhæð og felst í breytingu á lóðarmörkum þannig að lóðarskiki á horni Hæðarbrautar og Háhæðar sem nú er bæjarland verður hluti af lóðinni Háhæð 2 þannig að lóðin nái út að gangstéttarbrún.

Breytingin var samþykkt í bæjarstjórn Garðabæjar þann 24. maí 2007.

Deiliskipulag Molduhrauns.

Breytingin varðar lóð nr. 3 við Vesturhraun og felst í stækkun byggingarreits vegna viðbyggingar er hýsa skal stigagang.

Breytingin var samþykkt í bæjarstjórn Garðabæjar þann 21. júní 2007.

Deiliskipulag Flata.

Breytingin varðar lóð nr. 12 við Lindarflöt og felst í stækkun byggingarreits vegna viðbyggingar sem nær 5 m frá vesturgafli húss.

Breytingin var samþykkt í bæjarstjórn Garðabæjar þann 21. júní 2007.

Deiliskipulagsbreytingar þessar taka hér með gildi.

Garðabæ, 13. nóvember 2007.

Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri.